

Reykjavík 11.apríl 2018

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008 (gjald af veiðitekjum, fjöldi stjórnarmanna o.fl.). Mál 433

Umsögn Landssambands fiskeldisstöðva.

Landssamband fiskeldisstöðva lýsir eindreginni andstöðu sinni við frumvarpið.

Ljóst er að mjög sérkennilega hefur verið staðið að málum varðandi þetta frumvarp. Uppruni þess liggur í erindi sem Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytinu barst frá einum hagsmunaaðila, Landssamband veiðifélaga. Í framhaldinu var stofnaður starfshópur, þar sem þessi hagsmunasamtök áttu einn fulltrúa, en einnig áttu sæti í honum fulltrúi skipaður af ráðherra og fulltrúi sem Hafrannsóknastofnunin tilnefndi. Ljóst er af úthlutunum sjóðsins undanfarin ár að verulegur hluti fjármuna sjóðsins hefur einmitt runnið til Hafrannsóknastofnunarinnar, félagsmanna Landssambands veiðifélaga og til rekstrar sjóðsins sjálfs. Af þessu má sjá að sjónarhornið sem horft var frá við nefndarvinnuna var ákaflega þröngt. Útkoma vinnunar var fyrir vikið í samræmi við það.

Ekki var haft formlegt samráð við stjórn Fiskræktarsjóðs né heldur var nokkurt samráð við Landssamband fiskeldisstöðva sem á fulltrúa í stjórn sjóðsins. Þessi vinnubrögð eru til lítillar fyrirmyndar og ber að harma þau. Meginefni frumvarpsins er annars vegar að létta greiðslum af veiðiréttareigendum og hins vegar að víkja fulltrúa Landssambands fiskeldisstöðva úr stjórn Fiskræktarsjóðs.

Landssamband fiskeldisstöðva gerir engar athugasemdir við að veiðiréttareigendur þurfi ekki lengur að greiða iðgjald í þennan sjóð. Samkvæmt nýjasta ársreikningi hans, 2016, námu þau iðgjöld um 16,4 milljónum króna. Samkvæmt lögum skulu veiðiréttarhafar greiða til Fiskræktarsjóðs 2% gjald af hreinum tekjum af veiði í ám og vötnum á hverju almanaksári. Hafi veiðifélag tekjur af ráðstöfun á sameiginlegri veiði eða öðrum lögbundnum verkefnum sínum skal félagið standa Fiskræktarsjóði skil á 2% gjaldi af arðgreiðslum á hverju almanaksári.

Fiskræktarsjóður er geysilega öflugur, eins og fram kemur í ársreikningi. Hrein eign sjóðsins er um tæpur hálfur milljarður, 472 milljónir í árslok 2016, að langmestu leyti handbært fé. Samkvæmt útreikningi í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti ráðstafað álíka fjármagni næstu 30 til 40 árin og gert hefur verið að undanfögnu, án þess að fá nokkrar tekjur aðrar er fjármagnstekjur. Það er sannarlega ánægjulegt að svo miklir fjármunir séu til reiðu, en þá er augljóst að ramminn utan um starfsemina þarf að vera skýr og eðlilegur. Sú tillaga sem frumvarpið felur í sér um framtíðarfyrirkomulag sjóðsins uppfyllir slík skilyrði alls ekki eins og við blasir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að veiðiréttareigendur og stangveiðimenn skipi stjórn sjóðsins. Ljóst er af úthlutunum fyrri ára að fjármunirnir renna að verulegu leyti til þessara

aðila. Yrði frumvarpið að lögum væri í rauninni verið að veita þeim sjálfðæmi til að ráðstafa nærri hálfum milljarði alls í tæpa hálfu öld.

Hyggja þarf að því hvernig Fiskræktarsjóður hefur verið byggður upp. Fram til ársins 2008 var sjóðurinn fjármagnaður með tvennum hætti. Annars vegar var um að ræða gjald sem veiðiréttareigendur greiddu til sjóðsins samkvæmt lögum sem um það giltu. Hins vegar var innheimt gjald af sölu raforku sem rann til sjóðsins. Samkvæmt gögnum sem ná frá 1993 til 2007 var hlutur hvors um sig í tekjum Fiskræktarsjóðs álíka. Þessu var breytt með lögum árið 2008. Felld var úr lögnum innheimta af raforkufyrirtækjunum og var sjóðnum bættur skaðinn með því að varið var 270 milljónum úr Jarðasjóði – sem ríkissjóður fjármagnaði að hluta – inn í Fiskræktarsjóð. Sé sú upphæð framreiknuð frá 1. janúar 2009 miðað við vísitölu neysluverðs, samsvarar þetta 364 milljónum króna á núgildandi verðlagi.

Það er því ljóst að uppbygging eigin fjár sjóðsins hefur komið úr þremur áttum. Í fyrsta lagi með tekjum af veiðiréttareigendum, í annan stað með tekjum frá raforkufyrirtækjunum, í þriðja lagi með tekjum úr jarðasjóði, sem fjármagnaður var af fjárlögum, sölu ríkisjarða og afgangi ríkisjarða.

Standi vilji til breytinga á starfsemi eða fyrirkomulagi Fiskræktarsjóðs er um fleiri en eina leið að velja.

Í fyrsta lagi mætti leggja sjóðinn niður og ráðstafa eignum hans til þeirra sem bjuggu þær til, veiðiréttareigenda og ríkisins og eftir atvikum raforkufyrirtækja, í hlutfalli af framlagi inn í sjóðinn.

Standi hins vegar vilji til þess að halda áfram rekstri sjóðsins, án framlags frá veiðiréttareigendum, er augljóst að stjórn sjóðsins er ekki unnt að hafa með því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu. Eðlilegast væri einfaldlega að ráðherra skipaði stjórnina, þriggja eða fimm manna, án sérstakra tilnefninga. Teljist óeðlilegt að fulltrúi frá Landssambandi fiskeldisfyrirtækja sitji í stjórn sjóðsins í ljósi breyttra aðstæðna, er það einnig óeðlilegt að í stjórn sjóðs, með það hlutverk sem honum er ætlað samkvæmt lögum, sitji fulltrúar aðila sem ekki greiða í sjóðinn, en eru þiggjendur greiðslna úr honum.

Að mati Landssambands fiskeldisstöðva er það ósamrýmanlegt góðri stjórnsýslu að hafa það fyrirkomulag á stjórn sjóðsins, sem hér er lagt til í frumvarpinu og ber brýna nauðsyn til þess að á frumvarpinu verði því gerðar grundvallarbreytingar, eins og rakið hefur verið að framan.

Landssamband fiskeldisstöðva óskar eftir því að koma á fund nefndarinnar, til þess að gera frekari grein fyrir umsögninni og afstöðu okkar til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Landssambands Fiskeldisstöðva,

Einar Kristinn Guðfinnson (sign.)
Stjórnarformaður

Kristján Þ. Davíðsson (sign.)
Framkvæmdastjóri
